

AUGLÝSING

um deiliskipulag tjaldsvæðis við Þurshöfðavík í Hallormsstaðarskógi á Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005 deiliskipulag tjaldsvæðis við Þurshöfðavík í Hallormsstaðarskógi. Í deiliskipulaginu fellst afmörkun tjaldsvæða, staðsetning þjónustumiðstöðvar og umferðarkerfi á svæðinu. Gert er ráð fyrir bátalægi við mynni Staðarár.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 25. júlí 2005.

Ómar Þ. Björgólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að heimila akstur ökutækja úr Hafnarstræti austur Hverfisgötu, norður Kalkofnsveg og suður Lækjargötu.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. júlí 2005.

Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Kringla.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 9,5 ha svæði í landi Kringlu sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði breytist í landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar. Undan er skilin um 5000 m² lóð fyrir borholu sem verður áfram á skilgreindu iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Hellissandur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota, (U5, *Skrúðgarður/gróðrarstöð*) breytist og stækkar til austurs, suðurs og vesturs til notkunar fyrir golfvöll.
- Opið svæði til sérstakra nota (U7, *Tómstundabúskapur*) minnkar.
- Svæði fyrir íbúðarbyggð og frístundasvæði á golfvelli eru færð inn.
- Opið svæði til sérstakra nota, (U10, *Gróðurreitur*) afmarkast af svæði sem áður var skilgreint sem óbyggt svæði.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu við Hellisbraut stækkar til austurs inn á íbúðarsvæði sem á móti stækkar lengra til austurs inn á opið svæði.
- Opið óbyggt svæði og svæði fyrir opinberar stofnanir á baksvæði við Hraunás/Munaðarhól er fellt niður og skilgreint sem íbúðarsvæði.
- Svæði fyrir íbúðarbyggð við Snæfellsás stækkar á kostnað svæðis sem skilgreint er sem opið óbyggt svæði.
- Svæði fyrir opinbera þjónustu (O2, *Grunnskóli*) minnkar og íbúðarsvæði skilgreint á samsvarandi svæði.
- Svæði fyrir opinbera þjónustu (O6, *Leikskóli*) stækkar á kostnað opins óbyggðs svæðis.
- Íbúðarsvæði við Selhól stækkar á kostnað opinna óbyggðra svæða.
- Leiksvæði U1 á íbúðarsvæði við Selhól færast til.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.